

AUGLÝSING

um umferð um Vaðlaheiðargöng.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum forstjóra Vegagerðarinnar, hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið eftirtaldar takmarkanir á umferð um Vaðlaheiðargöng:

1. Að öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, umferð reiðmanna og rekstur búfjár, verði bönnuð nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.
2. Að takmarkanir á flutningi hættulegs farms miðist við reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi nr. 1077/2010. Í XV. viðauka reglugerðarinnar er farmur flokkaður með tilliti til flutninga um jarðgöng. Um Vaðlaheiðargöng skal eftirfarandi gilda: „ADR flokkur B“.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 14. janúar 2019.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2019